

## Forvarnir gegn einelti

### Fræðsla til nemenda

Reglulega er farið yfir einkenni og afleiðingar eineltis með nemendum—eineltishringurinn.

### Fræðsla til starfsfólks

Í byrjun skólaárs fær starfsfólk fræðslu um einkenni eineltis og viðbrögð við því.

### Eftirlit

Ákveðið skipulag er á eftirliti á skólalóð, göngum og matsal. Óæskileg hegðun er skráð og umsjónarkennari er upplýstur um tilvikin. Umsjónarkennari vinnur áfram með málið.

### Foreldrasamstarf

Áhersla er á gott samstarf heimilis og skóla. Foreldrar/forráðamenn fá handbók með upplýsingum og ráðleggingum vegna eineltis. Á heimasíðu Vogaskóla eru ýmsar upplýsingar varðandi einelti meðal annars [eyðublað](#) fyrir tilkynningu vegna eineltis.

### Bekkjarreglur

Í byrjun skólaárs gerir hver bekkur/árgangur sínar bekkjarreglur um samskipti innan hópsins. Einnig notum við reglur Olweusar gegn einelti. Þessar reglur eru notaðar þegar rætt er og unnið með samskipti. Reglulega er farið yfir bekkjar-reglur með nemendum og rætt um þýðingu þeirra fyrir bekkinn.

### Bekkjarfundir

Að minnsta kosti tvisvar í mánuði eru haldnir bekkjarfundir eftir ákveðinni forskrift í hverjum bekk. Þar ræða nemendur samskiptamál og leita leiða til að leysa þau með hliðsjón af bekkjarreglum og skólareglum. Tilgangurinn er að stuðla að samstöðu meðal nemenda gegn einelti.

### Kannanir

Kannanir sem mæla einelti, líðan nemenda og samskipti eru lagðar fyrir reglulega. Markvisst er unnið með niðurstöður þeirra. Kannanir sem lagðar eru fyrir eru; Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk, tengslakannanir í 2. – 10. bekk, eineltiskönnun Olweusar í 4. – 10. bekk og viðhorfskönnun hjá foreldrum.

### Nemendaviðtöl

Tvisvar á ári tekur hver umsjónarkennari einstaklingsviðtal við hvern umsjónarnemanda. Viðtölin eru tekin eftir ákveðinni forskrift. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma á framfæri ýmsu sem varðar líðan og samskipti.